

Söltuð þorsflök:

	\$ pr. lest cif.
Flokkur A 700/up	3 850,00
Flokkur A 400/700	3 650,00
Flokkur A 200/400	3 450,00
Flokkur A 100/200	3 050,00
Flokkur B 700/up	3 400,00
Flokkur B 400/700	3 200,00
Flokkur B 200/400	2 800,00
Flokkur B 100/200	2 400,00

Verðbil verður 2% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.
Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. október 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 327 21. júní 1982, um friðunarsvæði við Ísland og um sérstakt línusvæði út af Melrakkaslétu.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi 2. mgr. 1. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 327 21. júní 1982, um friðunarsvæði við Ísland.

2. gr.

Á tímabilinu 1. nóvember 1982 til 31. janúar 1983, eru allar togveiðar bannaðar á svæði út af Melrakkaslétu, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- | | | |
|----|-----------|-----------|
| a. | 66°59'6 N | 15°53'5 V |
| b. | 67°06'8 N | 15°50'5 V |
| c. | 67°00'4 N | 15°37'5 V |
| d. | 67°07'4 N | 15°34'0 V |

3. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1982 og birtist til eftirbreynti öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. október 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.